

M-saga

Einn morguninn vaknaði _____ snemma, fór fram í eldhús og ætlaði að fá sér morgunmat. En það var ekkert morgunkorn inni í skápnum og engin mjólk í ísskápnum. Það var reyndar enginn matur til í húsinu!

"Mamma!" kallaði hún. "Ég er svöng! Hvar er allur maturinn?"

Mamma hennar vaknaði og kom fram í eldhús. "Ég skil ekkert í þessu," sagði hún. "Ég keypti inn í gær, svo að það ætti að vera til alveg fullt af mat! Kannski hér hafi verið mús á ferð!"

"En hvernig ætti mús að geta opnað ísskápinn?" spurði _____ forviða.

"Ja, það skil ég nú heldur ekki," svaraði mamma hennar. "En það er best að ég fari út í búð til að kaupa aftur inn. Það er víst ekki annað að gera."

Um leið og hún var farin heyrði _____ allt í einu lágróma rödd segja: "Það er enginn matur úti í búð heldur! Það er barasta ekki neinn matur neins staðar! "

_____ svipaðist um og varð mjög undrandi þegar hún sá litla mús, sem sat á eldhúsgólfinu. "Það var vondi galdrakarlinn sem tók allan matinn," sagði músin. "Ég sá hann sjálf í nótt!"

"Þá skil ég betur," sagði _____ og lét eins og hún talaði við mýs á hverju degi. "Allir vita hvað vondi galdrakarlinn er hrekkjótur. Hvað heitir þú annars? Ég heiti _____."

"Ég heiti Mía," svaraði músin. "Eigum við að fara saman til galdrakarlsins og fá hann til að skila matnum aftur?"

"Góð hugmynd hjá þér!" sagði _____. Það var ekki eftir neinu að biða, þannig að þær fóru strax af stað til að leita að kastala galdrakarlsins. Eftir að þær voru búnar að ganga lengi, lengi, komu þær niður að strönd. Þar heyrðu þær einhvern

kveinka sér mjög djúpri röddu. "Æ, æ, munnurinn minn! Æ, æ, mér er svo illt í munninum!"

þær könnuðu málið nánar og sáu að þetta var risastór sæslanga sem lá með hausinn í flæðarmálinu. Hún var svo stór að hausinn á henni tvisvar sinnum hærra en _____, og ef maður reyndi að sjá hvað hún var löng, var það alveg ómögulegt, því hún virtist ná alveg út að sjóndeildarhring.

"Mildi Múses! Ég held að þetta hljóti að vera Miðgarðsormurinn," hvíslaði Mía mús og var greinilega dálítið smeyk. "Það er sagt að hann sé svo langur að hann nái alla leið í kringum jörðina!"

"Hann virðist vera með akkeri fast í munninum," sagði _____. "Komdu, við verðum að hjálpa honum!"

"Bíddu, bíddu!" hrópaði Mía upp fyrir sig. "Hvað ef hann er ógurlegt skrímsli sem étur okkur upp til agna í einum bita?"

"Hvaða vitleysa," sagði _____. "Amma mín segir að öll stærstu dýr í heimi séu grænmetisætur. Miðgarðsormurinn hlýtur þá að vera það líka." Og svo þrammaði hún niður ströndina og heilsaði kurteislega upp á sæslönguna.

"Komdu sæll, Miðgarðsormur. Ég heiti _____ og þetta er hún Mía. Getum við hjálpað þér við að losna við akkerið úr munninum?"

"Já, þakka þér fyrir, telpa mín," svaraði Miðgarðsormurinn feginn. "En ég held þú þurfir að skriða inn í munninn á mér til að geta ýtt almennilega á það. Þeirðu því?"

"Já, mikil ósköp," sagði _____. hvergi banginn. Og svo skreið hún milli tannanna á sædrekanum og upp á tunguna. Eftir að hafa bísað svolítið fram og til baka með akkerið tókst henni að losa nóg um það til að geta ýtt króknum á því út svo að það losnaði.

Á leiðinni út rak hún augun í svolítið sem sat fast milli tannanna á Miðgarðsorminum. Þetta virtist

vera einhvers konar poki. Hún tók hann með sér um leið og hún klifraði út.

"Þúsund þakkir fyrir hjálpina, _____," sagði Miðgarðsormurinn. "Ég sé að þú hefur þegar fundið töfrapokann sem ég ætlaði að gefa þér að launum."

"Nú, er þetta töfrapoki?" sagði _____. "Ég held að þetta væri bara eitthvað sem sæti fast á milli tannanna á þér og ætlaði að losa þig við það."

"Já, þetta er töfrapoki sem ég fann í fjársóðskistu í sokknu sjóræningjaskipi á hafsbótnei fyrir mörgum, mörgum árum," svaraði Miðgarðsormurinn. "Hann er þeirrar náttúru að maður getur alltaf tekið upp úr honum það sem maður hefur mesta þörf fyrir þá og þá stundina."

"Fínt!" sagði _____. "Hann kemur sér örugglega vel þegar ég hitti vonda galdrakarlinn. Bless annars, og passaðu þig að bíta ekki í fleiri akkeri!"

"Já, bless og takk!" sagði Miðgarðsormurinn og dró hausinn leiftursnöggt langt út á sjó. Á andartaki var hann horfinn.

_____ og Mía héldu för sinni áfram og voru innan tíðar komar að kastala galdrakarlsins.

_____ hikaði ekki, heldur bankaði strax að dyrum. Eftir dágóða stund kom galdrakarlinn að dyrum. Hann var grænn í framan og hélt um magann á sér.

"Hvað vilt þú?" spurði hann öflugur. "Sérðu ekki að ég er með magapínu og vil ekki láta trufla mig?"

"Ég heiti _____ og þetta er hún Mía mús." "Við komum hingað til að láta þig skila aftur öllum matnum sem þú stalst," "Hmmm...," sagði galdrakarlinn og gretti sig. "Mig langar nú eiginlega ekki í meira. Ég meina, ég er strax kominn með magapínu þótt ég hafi næstum því ekki borðað neitt. Ja, nema svona fimmtán

poka af kartöfluflogum og svona tuttugu rjómatertur, og svo auðvitað þrjú kíló af konfektí."

"Hvað, borðaðirðu bara óhollan mat?" spurði _____ forviða. "Þá skil ég vel að þér líði illa."

"Huh," hnussaði galdrakarlinn, "eins og ég viti ekki best hvað sé hollt og óhollt. Sykur og fita er það hollasta sem til er!"

_____ fór að skellihlæja að þessum heimiska galdrakarli. "Sykur og fita! Nei, það er sko rosa óhollt!"

Nú var galdrakarlinn að verða pirraður.

"Nú, svo að þú þykist vita betur en ég! Af því að þú ert svona ósvífin ætla ég ekki að skila matnum fyrir en þú ert búin að leysa fyrir mig smá þraut."

"Hvernig þraut?" spurði _____.

"Þú þarft strax að láta mig fá tíu hluti sem byrja á M," svaraði galdrakarlinn.

"Frábært!" hvíslaði Mía. "Þá geturðu notað töfrapokann!"

"Einmitt!" hvíslaði _____ til baka og brosti. Síðan rétti hún höndina niður í pokann og dró fram...

[Barnið tekur einn af öðrum upp úr pokanum tíu hluti sem byrja á M]

"Þetta var greinilega allt of auðveld þraut fyrir þig," sagði galdrakarlinn fýlulega. "En allt í lagi, þú skalt fá matinn aftur."

Svo sveiflaði hann töfrasprotanum sínum og sönglaði: "Simm-sala-bimm-sala-limma-limma-leim! Maturinn hverfi strax aftur heim!"

Síðan strunsaði hann aftur inn í kastalann sinn og skellti á eftir sér án þess svo mikið sem að kveðja.

Og þegar _____ og Mía komu aftur heim beið eftir þeim mikil veisla þar sem þær gátu bæði borðað eins og þær gátu í sig látið.